

Rangárþing eystra  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Austurvegur 4  
860 HVOLSVÖLLUR

Garðabær, 14. maí 2024  
Málsnúmer: 202404-0014  
LA, BK

**Efni: Umsögn um tillögu að aðalskipulagsbreytingu vegna skógræktar- og landgræðslusvæðis í landi Butru, Rangárþingi eystra**

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 2. apríl 2024, þar sem Rangárþing eystra óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á aðalskipulagi. Til stendur að breyta 25 ha svæði úr landi Butru úr landbúnaðarlandi í skógræktar- og landgræðslusvæði.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur áður gefið umsögn vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga í landi Butru, þann 9. desember 2023, og vill ítreka fyrri ábendingar um að skógrækt á þessu svæði feli í sér tap og uppbrot á mikilvægum búsvæðum fugla. Skógræktarsvæðið mun einnig hafa mikil áhrif á ásýnd lands á þessum slóðum. Stofnunin telur framkvæmdina ganga gegn Landskipulagsstefnu og skilmálum fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði í aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Náttúrufræðistofnun vill að lokum hvetja sveitarfélagið til að íhuga friðlýsingu á samfelldum, óröskuðum svæðum á flóðsléttu Markarfljóts og með því vernda búsvæði fugla meðan enn er kostur á því. Einnig er mikilvægt að reyna að hefta frekari útbreiðslu lúpínu á flóðsléttunni.

Virðingarfyllst,

*Lovísa Ásbjörnsdóttir*

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

